

Pegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 1 613,00.

7. gr.

Miðað skal við að kostnaður hitunar húsa með hitaveitu fari ekki fram úr kostnaði hitunar með rafmagni skv. gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hverju sinni.

III. KAFLI

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

9. gr.

Orkubú Vestfjarða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni Orkubús Vestfjarða skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi Orkubús Vestfjarða. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

10. gr.

Hitun húsnæðis er undanþegin virðisaukaskatti.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og lögum nr. 66 31. ágúst 1976, til að öðlast gildi 1. október 1991 með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 452, 26. september 1991, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 140, 18. mars 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 23. október 1991.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.

I. SMÁSALA.

Gjaldskrárlíðir.

Orkubú Vestfjarða selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A.1 Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	6,48 kr/kWh
Fastagjald	3 311,00 kr/á ári

A.2 Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

Orkugjald	9,72 kr/kWh
Fastagjald F1	3 311,00 kr/á ári

A.3 Utanhússlýsing.

Öll notkun og viðhald úti- og götulýsingar.

Aflgjald	11 852,00 kr/kWh/á ári
Viðhaldsgjald	17 609,00 kr/kWh/á ári

A.4 Sumarbústaðanotkun.

Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A1 ef hagkvæmara þykir.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

Orkugjald	3,23 kr/kWh
Fastagjald F2	15 614,00 kr/á ári

A.5 Markmæling.

Allur almennur búrekstur.

Aflgjald, (lágmark 4 kW)	5 708,00 kr/kWh/á ári
Fastagjald F3	12 470,00 kr/á ári
Orkugjald af allri notkun	2,37 kr/kWh
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	6,48 kr/kWh

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt. Orkugjald og fastagjald vegna húshitunar undanþegið virðisaukaskatti.

Heimilt er að selja raforku til búrekstrar samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir. Lágmarksfé 4 kW, hámarksafli 20 kW.

B.1 Aflmæling.

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun.

Lágmark 15 kW

Aflgjald	9 299,00 kr/kWh/á ári
Orkugjald	2,05 kr/kWh

B.2 Súgþurrkun.

Til súgþurrkunar á tímabilinu 1. júlí til 31. október.

Aflgjald	2 688,00 kr/kWh/á ári
Orkugjald	1,60 kr/kWh

C.1/D.1 Hitun.

Orkugjald	3,23 kr/kWh
Fastagjald F3	12 470,00 kr/á ári

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytisins. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt. Hitun húsnæðis er undanþegin virðisaukaskatti.

Roftími er allt að 3 klst. á sólarhring.

C.2/D.2 Næturhitun.

Orkugjald 2,18 kr/kWh

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytisins. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt. Hitun húsnæðis er undanþegin virðisaukaskatti.

Roftími er allt að 15 klst. á sólarhring.

D.3 Varmadælur.

Til notkunar á varmadælum.

Orkugjald 4,50 kr/kWh

Fastagjald F3 12 470,00 kr/ári

Hitun húsnæðis er undanþegin virðisaukaskatti.

Innheimta og lokun.

Innheimtugjald:

Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu og undirbúning að lokun er kr. 806,00.

Opnunargjald:

Gjald fyrir lokun og enduropnun veitu vegna vanskila er kr. 1 613,00.

*Skilgreiningar og ýmis ákvæði.***1. Utanhússlýsing.**

Orkubú Vestfjarða sér um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað.

Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Orkubú Vestfjarða á sinn kostnað.

2. Markmæling.

Liður A.5 er fyrir heildarorkusölu til bændabýla samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir gjaldskrárlíðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgþurrkun eða húshitun. Breyting á aflstillingu er aðeins gerð samkvæmt skriflegri beiðni notanda, hvort sem hún er til hækkunar eða lækkunar.

3. Aflgjaldsmæling.

Liður B.1 er fyrir heildarmælingu á allri notkun og verða ekki aðrir líðir, svo sem A.1, veittir samhliða. Aflgjald er ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls.

Gjaldskyld afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

Lágmarksaflgjald er miðað við 15 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

4. Sumarafl.

Á tímabilinu 1. maí til og með 30. september ár hvert geta notendur á afltaxta, B.1, fengið heimild til að hækka afltopp sinn, án þess að sú hækkun hafi áhrif á reiknaðan ársmeðaltopp.

Skilyrði fyrir slíkri heimild eru:

1. Lágmarksheimild er 30 kW.
2. Gjald fyrir heimild er 10% af ársaflgjaldi skv. gjaldskrárlíð B.1, ár hvert.

Heimildin tekur gildi 1. maí eða á greiðsludegi ef hann er síðar og gildir til loka septembermánaðar.

5. Véla- og tækjanotkun.

1. Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mesta útteknu raunaflí á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall.

Orkubú Vestfjarða getur krafist notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (cos undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt. Gjald fyrir launafl umfram framangreint hlutfall skal nema hálfu aflgjaldi skv. lið B.1 í gjaldskrá.

2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Pegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, getur Orkubú Vestfjarða takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilur orkubúið sér rétt til þess að takmarka val gjaldskrárliða.

7. Annað.

Virðisaukaskattur 24,5% leggst á alla gjaldskrárliði nema orkugjöld til húshitunar í liðum A.4, A.5, C.1, C.2, D.1, D.2 og D.3 og fastagjaldi þar sem það á við, nema fastagjald A.4 sem er með virðisaukaskatti.

Gjaldskrárverð breytast í samræmi við þær breytingar, sem kunna að verða gerðar á virðisaukaskatti.

II. HEIMTAUGARGJALD Í ÞÉTTBÝLI.

Heimtauggjöld Orkubús Vestfjarða í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, tengd veitusvæðum orkubúsins og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

1. Orkubú Vestfjarða ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu. Með heimtaug er átt við hvort heldur tengingu við rafveitu og/eða hitaveitu.
 - 1.1 Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsókn gera grein fyrir væntanlegri heildaraflþörf næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnæðis. Tilgreina skal sérstaklega aflþörf vegna hitunar. Teikning af húsnæðinu fylgi heimtaugarumsókn. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verk er hafið.
2. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:

2.1 Heimtaug.

Aflþörf veitu kW	Stofngjald kr.	Jarðstrengur gjald af yfirlengd kr/m
Allt að 40	65 100,00	1 310,00
40– 65	96 495,00	1 570,00
65–130	202 965,00	1 970,00
130–200	318 675,00	2 370,00

Aukamælagrind fyrir hitaveitur kr. 26 355,00 en virðisaukaskattur bætist ekki við það.

2.2 Yfirlengd reiknast af jarðlínuheimtaug, sem er lengri er 25 m í lóð.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis orkubúsins um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður

- dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 130–200 kW greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald, sjá þó lið 2.4.
- 2.3 Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi orkubúsins, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni.
- Þegar lóð er lögð til, er það gert orkubúinu að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þess um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t.d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umræða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o.s.frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki orkubúsins í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið – uppsteypt hús – er lagt orkubúinu til að kostnaðarlausu, en það sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um hverju sinni.
- 2.4 Telji orkubúið að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spennu, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða 40% kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðarhús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi fyrir iðnaðar- og verslunarhús o.þ.h.
3. Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:
- 3.1 Grunnjald óháð kostnaði við setningu bráðabirgðaheimtaugar kr. 6 321,00.
- 3.2 Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðaráætlun orkubúsins, sem miða skal við aðstæður hverju sinni.
4. Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kaupþúna og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raunkostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun orkubúsins hverju sinni.
- Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts en hann leggst á öll heimtaugargjöld nema annars sé getið.

III. HEIMTAUGARGJALD Í SVEITUM.

1. Hver sá, er óskar að fá heimtaug frá Orkubúi Vestfjarða í sveitum, skal hafa greitt heimtaugargjald til Orkubús Vestfjarða áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug, nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjalds hafi verið fullnægt.
2. Heimtaugargjald fyrir sumarhús, veiðihús og annað húsnæði þar sem ekki er föst búseta eða reglubundin starfsemi, svo og bráðabirgðaheimtaugar, skal vera samkvæmt kostnaðaráætlun Orkubús Vestfjarða fyrir heimtaugar í íbúðarhús, kirkjur, skóla og atvinnuhúsnæði o. þ. h. skal grunnjald vera kr. 91 300,00 á hvern notanda.
- Framangreint grunnjald, kr. 91 300,00, miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 176,5 stig og að orkusjóður greiði það sem vantar á heildarkostnað við lagningu heimtaugar og spennistöðvar. Grunnjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar.
- Virðisaukaskattur, 24,5% bætist við ofangreind grunngjöld.

IV. NIÐURGREIÐSLUR.

Iðnaðarráðuneytið ákveður upphæð niðurgreiðslna á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis og setur nánari reglu þar um. Niðurgreiðslna njóta þau heimili sem búa við rafhitun og eiga ekki kost á heitu vatni til upphitunar frá hitaveitu sem rekin er á viðkomandi stað. Orkubúi Vestfjarða veitir ennfremur fyrst um sinn sérstakan afslátt til sömu aðila og njóta niður-

greiðslna. Um niðurgreiðslur sem inntar verða af hendi frá 1. janúar 1991 og sérstakan afslátt gilda eftirfarandi reglur:

Hver kílóvattstund (kWh) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 30 000 kWh á ári samkvæmt lið C1 og 42 000 kWh samkvæmt lið A5, en er skipt eftir vægi veturs og sumars í hitaþörf. Vetrartímabilið er frá og með 16. október til og með 15. apríl. Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

Liður C1 hitun:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 105 kWh á dag að jafnaði á vetrartíma en 60 kWh á dag á öðrum tíma árs. Niðurgreiðsla nemur kr. 1,06 á kWh og að auki sérstakur afsláttur, 0,40 kr. á kWh, eða samtals 1,46 kr/kWh.

Liður A5 markmæling:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 146 kWh á dag að jafnaði á vetrartíma en 85 kWh á dag á öðrum tíma árs. Niðurgreiðsla nemur kr. 0,76 á kWh og að auki sérstakur afsláttur 0,28 kr. á kWh, eða samtals 1,04 kr/kWh.

Liður C2 næturhitun:

Ekki er sett hámark við niðurgreiðslur skv. lið C2 næturhitun. Niðurgreiðsla nemur kr. 0,64 á kWh og að auki sérstakur afsláttur 0,40 kr. á kWh, eða samtals 1,04 kr/kWh.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða og sett samkvæmt lögum nr. 66, 31. maí 1976, er hér með staðfest til að öðlast gildi 1. október 1991, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins, nr. 452, 26. september 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 139, 18. mars 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 23. október 1991.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Selfoss.

I. RAFORKA.

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A.1	Almenn notkun	kr.	6,30	(7,84) kWst
A.2	Vinnuvélar, vinnuljós	kr.	9,98	(12,42) kWst
A.3	Utanhússlýsing	kr.	29 956,50	(37 295,84) kW/ár
A.4	Sumarhús	kr.	3,63	(4,52) kWst
B.1	Aflmælar, orkugjald	kr.	2,15	(2,68) kWst
	Aflgjald	kr.	9 471,00	(11 791,40) kW/ár.
C.1	Rofin hitun roftími 1×60 mín.	kr.	5,25	(6,54) kWst
C.2	Rofin hitun roftími 2×90 mín.	kr.	2,10	(2,61) kWst
C.3	Næturhitun eða hliðst. notkun roftími allt að 12 klst. á sólarhring	kr.	2,10	(2,61) kWst